



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/32

Alþingi
Erindi nr. P 131/803
komudagur 17.2.2005

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Allsherjarnefnd Alþingis,
nefndasvið Alþingis,
Austurstæti 8-10,
150 Reykjavík.

17. febrúar 2005


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns og lögum um sölu fasteigna, 484. mál.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 14. þ.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint þingmál. Í frumvarpinu felst breyting á annars vegar lögum nr. 74/1938 um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns, og hins vegar á lögum nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Í samræmi við ákvæði EES-samningsins eru skilyrði greindra laga um skyldu niðurjöfnunarmanna sjóttjóna og fasteignasala til að eiga lögheimili hér á landi felld niður, enda sé um að ræða ríkisborgara frá aðildarríkjum EES eða aðildarríkjum stofnsamnings EFTA.

Af hálfu SÍT er að sjálfsögðu engin athugasemd gerð við efni frumvarpsins. Aðeins skal á það minnt, að í umsögnum SÍT, bæði til dómsmálaráðuneytis, þegar unnið var að samningu frumvarps til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, er síðar urðu lög nr. 99/2004, og til allsherjarnefndar, er frumvarpið var til meðferðar þar, var bent á, að áskilnaður um lögheimili fasteignasala hér á landi, er hér stunduðu starfsemi gengi líklega í berhöggi við EES-reglur.

Í lögum nr. 99/2004 er að finna ákvæði um skyldu fasteignasala til að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu, til að bæta viðskiptamönnum hans tjón, er hann kunnir að valda þeim í starfi sínu. Í váttryggingarskilmálum, sem gilda um váttryggingu þessa hjá íslensku váttryggingafélögunum, er þegar beinlínis tekið fram, að váttryggingin gildi hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins. Er þetta ákvæði í skilmálunum einmitt vegna þess, að íslenskir fasteignasalar gætu vegna EES-reglna, og að öðrum skilyrðum uppfylltum, veitt þjónustu í öðrum aðildarríkjum EES. Að sjálfsögðu á þessi réttur að vera gagnkvæmur, og taka til ríkisborgara annarra EES-ríkja, er hér á landi hyggðu á sölu fasteigna í atvinnuskyni. Sýnist einmitt tilgangur frumvarps þess, sem hér er til umfjöllunar, að tryggja það.

Með vinsæld og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Ármannsson

Alþingi
Erindi nr. P 131/819
komudagur. 21.2.2005

Nefndasvið Alþingis,
Allsherjarnefnd,
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur nefndarritara.

Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um niðurjöfnunarmenn sjótjóns og lögum umsölu faseteigna, fyrirtækja og skipa (484. mál)

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis til Sjóvá-Almennra trygginga hf., dags. 14. febrúars.l., þar sem kallað er eftir umsögn félagsins um ofangreint frumvarp. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafa ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið.

Kær kveðja,
f.h. Sjóvá-Almennra trygginga hf.,
Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir hdl.
lögfræðipjónusta

Sýslumannafélag Íslands.

Alþingi
Erindi nr. P 131/866
komudagur 25. 2. 2005


Akranes 24. 2. 2005.

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 14. febrúar sl. fór allsherjarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns nr. 74/1938 og lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004, 484. mál, EES reglur.

Stjórn félagsins hefur fjallaði um frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur Þ. Hauksson.